

## Sveitarstjóri Dalir

---

**From:** Finnbogi Kristjánsson <finnbogi@fron.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 23. nóvember 2017 10:23  
**To:** Sveitarstjóri Dalir  
**Cc:** Þórhallur Örn Hinriksson (th@arnarlon.is); Sigfríð Andradóttir  
**Subject:** Re: 1609021 - Laugar í Sælingsdal - GAGNTILBOÐ

Sæll, Sveinn

Lesið og móttakið..!

Mbk

**Finnbogi Kristjánsson**  
**Lögg. fasteigna- skipa og fyrirtækjasali**  
**og lögg. leigumiðlari**  
**897-1212**

**FRÓN fasteignamiðlun**  
**Síðumúla 23, 2. hæð**  
**108 Reykjavík**  
**519-1212**

[www.fron.is](http://www.fron.is)

Finnbogi Kristjánsson lögg. fasteigna- skipa og fyrirtækjasali og lögg. leigumiðlari hefur starfað við fasteignasölu rúm 30 ár og er eigandi af FRÓN fasteignamiðlun. Sérhæfing í sölu og veðmötum á fasteignum. Einnig í fjármálum heimilanna, rekstri fyrirtækja og sölu bújarða m.m. . Finnbogi er menntaður í búfræði- ferðamála- og viðskiptafræði svo af lögfræðisviði frá HÍ, Bifröst og Lbhi

Þann 22. nóvember 2017 kl. 19:15 skrifaði Sveitarstjóri Dalir <[sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is)>:



**Fasteignasalan Frón**

**Finnbogi Kristjánsson**

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar fyrr í dag 22. nóvember 2017 var eftirfarandi bókað:

*Tilboð, dagsett 27.10.2017 hefur borist í allar eignir Dalabyggðar og Dalagistingar á Laugum þ.á.m. eignarhlut í jörð og jarðhitaréttindum. Fjallað var um tilboðið á 153. fundi sveitarstjórnar og 195. fundi byggðarráðs. Tilboðsgjafi hefur framlengt gildistíma tilboðs til 22.11.2017.*

*Lögð fram tillaga:*

*Sveitarstjórn samþykkir að gera tilboðsgjafa gagntilboð skv. fyrirliggjandi minnisblaði. Tilboðið verði með fyrirvara um að ekki komi fram hærra tilboð fyrir 12. desember nk. og að eignin verði auglýst aftur. Einnig verði fyrirvarar um að langtíma leigusamningur náist um húsnæði Byggðasafnsins og um afnot af íþróttahúsi og sundlaug.*

*Samþykkt með 6 atkvæðum. Einn var á móti.*

Í minnisblaðinu kemur fram að auk þess sem tilgreint er í tilboði frá 27. október sl. er Guðrúnarlaug innifalin í gagntilboðinu.

Upphæð gagntilboðs er 470 millj. kr. með fyrirvara um að ekki komi fram hagstæðara tilboð. Frestur til að svara gagntilboðinu eða leggja inn nýtt tilboð er til 12. desember nk.

Kvöð skal vera um að Guðrúnarlaug verði ávallt aðgengileg almenningi enda hefur laugin sýnt sig vera vinsæll viðkomustaður ferðamanna.

Undirritaður mun hafa samband við þær fasteignasölur sem hafa auglýst eignirnar og biðja þær að leiðrétta auglýsingar þannig að skýrt komi fram hvað er til sölu og hvaða frestur er gefinn til að leggja fram tilboð.

Með þessu telur sveitarstjórn sig uppfylla almennar kröfur sem gerðar eru til opinberra aðila um að eignir séu seldar fyrir opnum tjöldum og að allir áhugasamir hafi sama möguleika til að skila inn tilboði.

Að þessu uppfylltu óskar sveitarstjórn eftir farsælu samstarfi við tilboðsgjafa.

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju,

Sveinn Pálsson

Sveitarstjóri Dalabyggðar

Miðbraut 11, 370 Búðardal.

sími: 430 4700

netfang: [sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is)

veffang: [www.dalir.is](http://www.dalir.is)

---

Fyrirvari:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer:

This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.

Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake

---